

**Nd.**

**522. Nefndarálit**

**[153. mál]**

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fékk frumvarp þetta til athugunar, eftir að efri deild hafði afgreitt það óbreytt og athugasemdalaust.

Með frv. eru tjónabætur vegna umferðarslysa að hluta lagðar á þá, sem að lögum bera ábyrgð á ökutæki og tjóni því, sem ökutækið veldur.

Nefndin kynnti sér umsagnir þær, er lágu fyrir um frumvarpið, og eru aðilar, er leitað var álits hjá, sammála um, að sjálfsábyrgð sú, er frv. gerir ráð fyrir, geti stuðlað að aukinni varkárni í umferðinni og þannig komið í veg fyrir slys, en þeir benda á, að aðrar ráðstafanir á sviði umferðarmála þurfi að gera jafnframt.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins. Einn nefndarmanna, Ólafur G. Einarsson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. apríl 1972.

Svava Jakobsdóttir,  
form., frsm.

Bjarni Guðnason,  
fundaskr.

Stefán Valgeirsson.

Ellert B. Schram.

Stefán Gunnlaugsson.

Gisli Guðmundsson.